

AUGLÝSING

um aðild Íslands að samningi milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um samvinnu milli landanna yfir landamærin til að koma í veg fyrir eða takmarka tjón á fólki, á eignum eða í umhverfinu af völdum slysa.

Hinn 5. apríl 2001 var sænska utanríkisráðuneytinu afhent aðildarskjal Íslands vegna samnings milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um samvinnu milli landanna yfir landamærin til að koma í veg fyrir eða takmarka tjón á fólki, á eignum eða í umhverfinu af völdum slysa sem gerður var í Stokkhólmi 20. janúar 1989. Samningurinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 5. apríl 2001.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 10. apríl 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um samvinnu milli landanna yfir landamærin til að koma í veg fyrir eða takmarka tjón á fólki, á eignum eða í umhverfinu af völdum slysa.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar,

sem eru sannfærðar um nauðsyn á samvinnu milli bærra stjórnvalda í samningsríkjunum með það að markmiði að auðvelda nauðsynlega gagnkvæma aðstoð í slysatilvikum á friðartímum, og að hraða því að koma hjálparliði og -búnaði á vettvang,

sem líta á þennan samning sem rammasamning sem er ætlað að vera viðbót við aðra norræna marghliða eða tvíhliða samninga á þessu sviði, og sem óska að efla samstarfið á þessu sviði enn frekar,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

Samningur þessi gildir um samvinnu yfir landamærin með það fyrir augum, þegar slys ber að höndum eða þau eru yfirvofandi, að koma í veg fyrir eða takmarka tjón á fólki, á eignum eða í umhverfinu.

Samningsríkin skulu í landslögum sínum og öðrum ákvæðum leitast við að ryðja úr vegi, eftir því sem unnt er, hindrunum fyrir slíku samstarfi.

AFTALE

mellem Danmark, Finland, Norge og Sverige om samarbejde over statsgrænserne for at forhindre eller begrænse skader på mennesker eller ejendom eller i miljøet i tilfælde af ulykker.

Regeringerne i Danmark, Finland, Norge og Sverige,

som er overbevist om nødvendigheden af et samarbejde mellem de kompetente myndigheder i de kontraherende stater med det formål at lette den fornødne gensidige bistand i tilfælde af ulykker i fredstid og at fremskynde udsendelse af hjælpemandskap og materiel,

som betragter denne aftale som en rammeaftale, som har til formål at supplere andre nordiske multilaterale eller bilaterale aftaler inden for området,

er blevet enige om følgende:

Artikel 1

Denne aftale vedrører samarbejde på tværs af statsgrænserne med henblik på i tilfælde af ulykker og ved overhængende risiko for ulykker at forhindre eller begrænse skader på mennesker eller ejendom eller i miljøet.

De kontraherende stater skal i deres nationale lovgivning og øvrige bestemmelser i størst mulig udstrækning søge at fjerne hindringer for et sådant samarbejde.

2. gr.

Sérhvert samningsríki skuldbindur sig til, er slys ber að höndum eða það er yfirvofandi, að veita nauðsynlega aðstoð eftir því sem tók eru á og í samræmi við ákvæði samningsins.

Ákvæðum 3.-5. gr. skal aðeins beitt ef ekki er öðruvísi kveðið á í tvíhliða samningum eða öðrum marghliða samningum.

3. gr.

1. Stjórnvald í samningsríki, sem ber ábyrgð, er slys ber að höndum, á aðgerðum til að koma í veg fyrir eða takmarka tjón á fólki, á eignum eða í umhverfinu, getur borið fram beiðni um aðstoð beint til bærs stjórnvalds í öðru samningsríki. Stjórnvaldið sem beiðni er beint til, metur að hve miklu leyti unnt er að veita slíka aðstoð.
2. Stjórnvöld í ríki því sem leitar aðstoðar bera fulla ábyrgð á stjórn aðgerða á slysstað, nema við þær aðstæður að slysstaður liggja á landsvæði annars samningsríkis. Starfslið frá landinu sem veitir aðstoð er til ráðstöfunar og lýtur fyrirælum eigin stjórnanda og innir störf sín af hendi í því ríki sem leitar aðstoðar í samræmi við þær starfsreglur sem gilda í eigin ríki.
3. Ríki sem leitar aðstoðar ber að sjá til þess að ökutæki, björgunarbúnaður og annar búnaður, sem fluttur er með til afnota í björgunaraðgerð, þurfi ekki að sæta formsatriðum vegna inn- eða útflutnings og séu undanþegin sköttum og gjöldum. Ökutæki, björgunarbúnað og annan búnað má nota í samræmi við gildandi ákvæði í landinu sem veitir aðstoð, án sérstakra leyfa. Þegar björgunaraðgerð er lokið skal flytja ökutæki, björgunarbúnað og annan búnað úr landinu eins fljótt og auðið er. Hið sama gildir varðandi æfingar á björgunaraðgerðum.
4. Ef aðstoð tekur til herliðs, ríkisökutækja, ríkisloftfara eða herökutækja, sem þarfnast sérstaks leyfis til flutnings yfir landamæri, skal stjórnvaldið sem leitar aðstoðar afla slíks leyfis. Uns slíkt leyfi er fengið verður ekki um flutning yfir landamæri að ræða.

4. gr.

Fyrir framlag til björgunaraðgerða samkvæmt samningi þessum skal greiða kostnað samkvæmt eftirfarandi reglum:

Artikel 2

Enhver af de kontraherende stater forpligter sig til i tilfælde af en ulykke eller ved overhængende risiko for en ulykke at yde fornøden bistand i overensstemmelse med sine muligheder og denne aftales bestemmelser.

Bestemmelserne i artiklerne 3-5 skal kun finde anvendelse, med mindre andet følger af bilaterale eller andre multilaterale aftaler.

Artikel 3

1. En myndighed i en kontraherende stat, som i tilfælde af en ulykke er ansvarlig for foranstaltninger, der tilsigter at forhindre eller begrænse skader på mennesker eller ejendom eller i miljøet, kan anmode om bistand direkte hos en kompetent myndighed i en anden af de kontraherende stater. den myndighed, som er blevet anmodet om bistand, afgør, hvorvidt sådan bistand kan ydes.
2. Myndighederne i den bistandssøgende stat har det fulde ansvar for ledelsen af indsatsen på ulykkesstedet bortset fra det tilfælde, hvor ulykkesstedet er beliggende inden for anden kontraherende stats territorium. personale fra den bistandsydende stat står til disposition under ledelse af egne befalingsmænd og udfører tjeneste i den bistandssøgende stat gældende tjenestebestemmelser.
3. Det påhviler den bistandssøgende stat at sørge for, at køretøjer, redningsmateriel og anden udrustning, som medføres ved en bistandsaktion, kan føres over grænserne uden ind- og udførselsformaliteter og fritaget for skatter og afgifter. Køretøjer, redningsmateriel og andet udstyr kan uden særlig tilladelse benyttes i overstemmelse med gældende bestemmelser i den bistandsydende stat. Efter at hjælpeaktionen er tilendebragt, skal køretøjer, redningsmateriel og andet udstyr snarest muligt genudføres fra landet. Tilsvarende gælder i forbindelse med øvelse af hjælpeaktion.
4. Såfremt bistanden omfatter militært personel, statsfartøjer, statsluftfartøjer og militære køretøjer, for hvilke der kræves særlig adgangstilladelse, skal myndigheden i den bistandssøgende stat udvirke den fornødne tilladelse. Intil sådan tilladelse foreligger må der ikke forekomme grænseoverskridelser.

Artikel 4

Omkostningerne for hjælpeaktioner i henhold til nærværende aftale skal afholdes som følger:

1. Ríkið sem veitir aðstoð á rétt á að fá greidd frá ríkinu sem leitar aðstoðar útgjöld vegna aðgerðanna í þeim mæli sem rekja má þau til aðstoðarinnar sem veitt var.
2. Ríkið sem leitar aðstoðar getur hvenær sem er afturkallað aðstoðarbeiðni sína, en þá á ríkið sem veitir aðstoð rétt á að fá bættan kostnað sem það hefur orðið fyrir.
3. Ríkið sem veitir aðstoð skal ávallt vera reiðubúið að veita upplýsingar um áætlaðan kostnað vegna aðstoðarinnar.
4. Leggja skal til grundvallar útreikningi á kostnaðinum þau útgjöld sem hlotist hafa.
5. Þessi ákvæði skerða ekki rétt samningsríkja til þess að krefja þriðja mann um greiðslu kostnaðar samkvæmt öðrum ákvæðum og reglum í landslögum eða þjóðarétti sem unnt er að beita.

5. gr.

1. Ríki sem leitar aðstoðar er ábyrgt fyrir tjóni sem hlýst af aðstoð sem veitt er á eigin landsvæði samkvæmt þessum samningi. Ríkið sem leitar aðstoðar er skuldbundið til þess að leiða til lykta málsóknir eða semja um eða gera sátt um skaðabótakröfur sem þriðji maður beinir gegn ríki sem veitir aðstoð eða liðsmönnum þess. Ríki sem leitar aðstoðar er ábyrgt fyrir öllum málskostnaði og öðrum kostnaði sem tengist slíkum kröfum.
2. Ríki sem leitar aðstoðar skal greiða ríki því sem aðstoð veitir skaðabætur vegna dauðfalla eða líkamstjóns sem liðsmenn þess verða fyrir og enn fremur bæta tap eða tjón á búnaði eða munum sem hlotist hefur sem afleiðing af aðstoðinni á landsvæði þess ríkis sem leitar aðstoðar.
3. Ríki sem veitir aðstoð er ábyrgt fyrir tjóni sem hlýst á eigin landsvæði.
4. Ríki sem leitar aðstoðar á, hafi það greitt skaðabætur samkvæmt þessari grein, rétt á endurkröfu gagnvart liðsmönnum hjálparliðs er valdið hefur tjóninu af ásetningi eða af stórfelldu gáleysi.

6. gr.

1. Samningsríkin skulu veita hverju öðru upplýsingar er máli skipta varðandi þennan samning um skipulag björgunarþjónustu og

1. Den bistandsydende stat har ret til godtgørelse fra den bistandssøgende stat for omkostninger ved foranstaltningerne i det omfang, disse kan henføres til den ydede bistand.
2. Den bistandssøgende stat kan når som helst tilbagekalde anmodningen om bistand, men den bistandsydende stat skal da have ret til erstatning for de omkostninger, som den er blevet påført.
3. Den bistandsydende stat skal til enhver tid være rede til at give oplysninger om de skønnede omkostninger for bistanden.
4. Beregningsgrundlaget for omkostningerne er de afholdte udgifter.
5. Disse bestemmelser inskrænker ikke de kontraherende staters regresret over for trediemand med hensyn til betaling af omkostninger i henhold til sådanne andre bestemmelser og regler i national lovgivning eller folkeretten, som vil kunne finde anvendelse.

Artikel 5

1. Den bistandssøgende stat er ansvarlig for skade, som forårsages af bistand, som inden for dets eget territorium ydes i henhold til denne aftale. Den bistandssøgende stat forpligter sig til at afvikle søgsmål eller forhandle om indgåelse af forlig med hensyn til erstatningskrav, som rettes af trediemand mod den bistandsydende stat eller dens mandskab. Den bistandssøgende stat er ansvarlig for alle sagsomkostninger og øvrige omkostninger, som kan henføres til de omhandlede krav.
2. Den bistandssøgende stat skal yde den bistandsydende stat erstatning for død eller personskade, som påføres dennes mandskab, samt for tab af eller skade på udrustning eller materiel, som forårsages på den bistandssøgende stats territorium som følge af den ydede bistand.
3. Den bistandsydende stat er ansvarlig for skader, som opstår på dens eget territorium.
4. Den bistandssøgende stat har, hvis den i medfør af denne artikel har ydet erstatning, ret til at gøre regreskrav gældende mod bistandsydende mandskab, som har forårsaget skaden forsætligt eller ved grov uagtsomhed.

Artikel 6

1. De kontraherende stater skal inbyrdes give oplysninger af betydning for denne aftale om organisation af redningstjeneste og de

hver hin bæru stjórnvöld eru, svo og um lög-gjöf og mikilvægar breytingar sem þýðingu hafa varðandi þennan samning. Þar að auki skulu samningsríkin stuðla að því að þróa samvinnuna sín á milli á þessu sviði.

2. Að því er varðar beitingu samningsins í framkvæmd er gert ráð fyrir því að bær stjórnvöld í hlutaðeigandi samningsríkjum séu í beinu sambandi hvert við annað.
3. Fundi skal halda innan ramma þessa samnings þegar hagkvæmt er talið.

7. gr.

Samningurinn öðlast gildi að liðnum þrjátíu (30) dögum frá þeim degi þegar tvö af samningsríkjunum hafa tilkynnt sænska utanríkisráðuneytinu skriflega að þau hafi staðfest samninginn.

Að því er varðar samningsríki, sem tilkynnir eftir að samningurinn öðlast gildi að það staðfesti samninginn, öðlast samningurinn gildi þrjátíu (30) dögum eftir að sænska utanríkisráðuneytið veitir tilkynningu um það móttöku.

Sænska utanríkisráðuneytið tilkynnir hinum samningsríkjunum um móttökudag slíkra tilkynninga og um gildistökudag samningsins.

8. gr.

Íslandi getur gerst aðili að þessum samningi. Aðildarskjalið skal afhent til vörslu í sænska utanríkisráðuneytinu. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar þann dag þegar aðildarskjalið er afhent til vörslu. Sænska utanríkisráðuneytið lætur öðrum samningsríkjum í té skriflega tilkynningu um afhendingardaginn.

9. gr.

Samningsríki getur sagt upp samningnum með því að tilkynna það skriflega til sænska utanríkisráðuneytisins sem tilkynnir öðrum samningsríkjum um móttökudag slíkrar tilkynningar og um efni hennar.

Uppsögn gildir aðeins fyrir það samningsríki sem segir upp samningnum og öðlast gildi að liðnum sex (6) mánuðum frá þeim degi þegar sænska utanríkisráðuneytið veitir tilkynningu um uppsögn móttöku.

10. gr.

Frumeintak þessa samnings skal varðveitt í sænska utanríkisráðuneytinu er lætur öðrum samningsríkjum í té staðfest endurrit af honum.

involverede kompetente myndigheder samt sådan lovgivning og sådanne intrufne vigtigere ændringer af betydning for denne aftale. De kontraherende stater skal videre medvirke til udvikling af samarbejdet på dette område.

2. For så vidt angår den praktiske anvendelse af denne aftale forventes det, at de kompetente myndigheder i de respektive kontraherende stater holder direkte indbyrdes forbindelse.
3. Inden for rammerne af denne aftale afholdes møder, når sådanne findes hensigtsmæssige.

Artikel 7

Denne aftale træder i kraft tredive (30) dage efter den dag, hvor to af de kontraherende stater skriftligt har underrettet det svenske Utrikesdepartement om, at aftalen er blevet godkendt af dem.

For en kontraherende stat, som, efter at aftalen er trådt i kraft, meddeler, at aftalen er blevet godkendt, træder aftalen i kraft tredive (30) dage efter den dag, det svenske Utrikesdepartement modtog meddelelse herom.

Det svenske Utrikesdepartement underretter de øvrige kontraherende stater om tidspunktet for modtagelsen af sådanne meddelelser og om tidspunktet for aftalens ikrafttrædelse.

Artikel 8

Island kan tilslutte sig denne aftale. Tiltrædelsesinstrumentet skal deponeres hos det svenske Utrikesdepartement. Aftalen træder i kraft for Islands vedkommende på deponeringsdagen. Det svenske Utrikesdepartement underretter skriftligt de øvrige kontraherende parter om tidspunktet for deponeringen.

Artikel 9

Denne aftale kan opsiges ved skriftlig meddelelse herom til det svenske Utrikesdepartement, som underretter de øvrige kontraherende stater om tidspunktet for modtagelse af en sådan meddelelse og om dennes indhold.

En opsigelse gælder kun for den opsigende kontraherende stat og får virkning seks (6) måneder fra den dag, hvor det svenske Utrikesdepartement har modtaget meddelelse om opsigelsen.

Artikel 10

Originaleksemplaret af denne aftale skal deponeres i det svenske Utrikesdepartement, som tilstiller de øvrige kontraherende stater bekræftede kopier af samme.

Nr. 12

10. apríl 2001

Þessu til staðfestingar hafa neðangreindir aðilar, sem hafa til þess fullt umboð, undirritað þennan samning.

Gjört í Stokkhólmi hinn 20. janúar 1989 í fjórum eintökum á dönsku, finnsku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.

Til bekræftelse heraf har de behørigt befuldmægtigede underskrevet denne aftale.

Udfærdiget i Stockholm den 20. januar 1989 i 4 eksemplarer på dansk, finsk, norsk og svensk, hvilke tekster skal have lige gyldighed.